

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum

Bæjarráð Garðabæjar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum. Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að hlutaðeigandi barn hafi náð 10 mánaða aldri og eigi lögheimili í Garðabæ.
2. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
3. Að barn sé slysatryggt.
4. Að fyrir liggji þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og leikskólafulltrúa Garðabæjar.

Ef að foreldrar eiga ekki rétt á fullu fæðingarorlofi geta þeir sótt um greiðslu þegar barn nær 6 mánaða aldri.

A Mánaðarleg greiðsla skal miða við dvalartíma barns að hámarki með eftirfarandi hætti.

| Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ: | Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi: | |
|-----------------------------------|---|-------------|
| Fyrir 4 stunda vistun | kr. 45.132 | kr. 70.626 |
| Fyrir 5 stunda vistun | kr. 56.804 | kr. 86.590 |
| Fyrir 6 stunda vistun | kr. 67.341 | kr. 101.419 |
| Fyrir 7 stunda vistun | kr. 79.609 | kr. 117.979 |
| Fyrir 8 stunda vistun | kr. 90.269 | kr. 132.931 |
| Fyrir 8,5 stunda vistun | kr. 95.909 | kr. 142.863 |
| Fyrir 9,0 stunda vistun | kr. 101.549 | kr. 152.795 |

Ef um hálftrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 5.640 fyrir hverja hálfu stund.

B Niðurgreiðsla til einstæðra foreldra og foreldra sem eru í fullu námi.

| Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ: | Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi: | |
|-----------------------------------|---|-------------|
| Fyrir 4 stunda vistun | kr. 53.968 | kr. 72.585 |
| Fyrir 5 stunda vistun | kr. 67.913 | kr. 89.115 |
| Fyrir 6 stunda vistun | kr. 80.770 | kr. 104.547 |
| Fyrir 7 stunda vistun | kr. 94.436 | kr. 120.788 |
| Fyrir 8 stunda vistun | kr. 107.925 | kr. 136.853 |
| Fyrir 8,5 stunda vistun | kr. 114.114 | kr. 145.617 |
| Fyrir 9 stunda vistun | kr. 121.411 | kr. 155.489 |

Ef um hálftrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 6.746 fyrir hverja hálfu stund.

Leggja skal fram fjölskylduvottorð í tilviki einstæðra foreldra og námsvottorð skóla í tilviki námsmanna.

Greiðslufjárhæð til einstæðra foreldra og námsmanna er háð tímabundnu ákvæði í Gjaldskrá leikskóla um hækkun á afslætti einstæðra foreldra og námsmanna sem er 40% og gildir til ársloka 2022

Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn í leikskólavist, fá 50% afslátt af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram eitt. Það á þó ekki við um foreldra sem njóta sérstakrar niðurgreiðslu samkvæmt B – lið.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2022 og falla þá jafnframt úr gildi eldri reglur samþykktar í bæjarstjórn 12. desember 2021.

*Samþykkt í bæjarráði Garðabæjar
18. janúar 2022*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*